

göngu til þess að úrskurða um skyldu forstöðumannsins til að gefa upp nafn blóðgjafans.

Telja verður blóðgjafir svo mikilsverðan þátt í læknaaðgerðum nú á tímum, að þjóðfélagsleg nauðsyn þykir vera til þess að stuðla að því, að menn séu fúsir til blóðgjafar. Með tilliti til þessa þykir verða að fallast á rök forstöðumannsins fyrir synjun hans um að láta í té nafn hér um rædds blóðgjafa. Verður þessi krafa lögmanns stefnanda því ekki tekin til greina.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Dómsorð:

Forstöðumanni Blóðbankans, Valtý Bjarnasyni lækni, er eigi skylt að gefa upp nafn framangreinds blóðgjafa.

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 16/1960. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
 gegn
Þorláki Jónssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr
 prófessor.

Krafa um framlagningu sakargagns. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. janúar 1960 og hingað kominni 10. febrúar s. á. hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1960 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði gert skylt að greiða kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að

staðfesta hann. Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Þorláki Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1960.

Mál þetta hefur Þorlákur Jónsson, Baldursgötu 12 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. júní 1958 gegn fjármálaráðherra og heilbrigðismálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 544.313.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, en *til vara*, að fjárkrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og að málskostnaður falli niður.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þá leið, að hann hafi um nokkurra ára skeið kennt innvortis sársauka og óþæginda. Seint á árinu 1953 hafi í ljós komið, að hann hafi verið með skeifugarnarsár, og hafi hann dvalið í sjúkrahúsi í 6 vikur á árinu 1954 af þeim sökum. Nokkru síðar hafi læknað eigi séð önnur ráð en að láta stefnda ganga undir uppskurð. Hafi hann vistast í Landspítalanum hinn 12. ágúst 1954, og hafi verið gerð á honum meiri háttar skurðaðgerð hinn 20. s. m. Við skurðaðgerðina hafi stefnandi fengið blóðgjöf frá Blóðbanka Íslands. Við athugun á spjaldskrá Blóðbankans síðar hafi komið í ljós, að þann sama dag var kallaður inn einn blóðgjafi (donor) til bankans í sama blóðflokki og stefnandi, en sá næsti á undan í sama blóðflokki hafi gefið blóð svo löngu áður, að blóð hans hafi verið óhæft til blóðgjafar samkvæmt reglum Blóðbankans (þ. e. a. s. meira en 21 dags gamalt). Eftir skurðaðgerðina hafi stefnandi heilsast mjög vel eftir aðstæðum, og hafi hann útskrifast úr sjúkrahúsinu hinn 29. ágúst 1954. Rúmum mánuði síðar hafi stefnandi farið að kenna þjáninga í liðamótum og litbrigða á hörundi. Hafi hann af þessu orðið að leggjast mjög þungt haldinn í Landakotsspítala, þar sem hann

hafi dvalizt í einn og hálfan mánuð. Á þessu tímabili hafi hann verið mjög illa farinn, og hafi starfsþrek hans stórlega dvínað við sjúkdóminn og sjúkrahússvistina. Eftir þetta hafi heilsa stefnanda aldrei komizt í sama horf og áður, en hann hafi þó verið talinn vinnufær að nokkru.

Stefnandi telur, að hann hafi sýkt við uppskurðinn í Landspítalanum hinn 20. ágúst 1954. Síðari sjúkdóm hans megi rekja til framangreindrar blóðgjafar. Sé því augljóst, að hann hafi við skurðaðgerðina annaðhvort fengið rangan blóðflokk eða of gamalt blóð úr réttum blóðflokki. Á mistökum þessum telur stefnandi stefndu bera fébótaábyrgð.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að engar sönnur séu fyrir því, að sjúkdóm stefnanda megi rekja til umræddrar blóðgjafar né að mistök hafi átt sér stað við hana. Varakrafan er á því byggð, að fjárkrafa stefnanda sé allt of há.

Með bréfi, dags. 7. október 1958, óskaði lögmaður stefnanda eftir því, að yfirlæknir Landspítalans, dr. med. Snorri Hallgrímsson, yrði skyldaður með úrskurði til að sýna í bæjarþinginu og leggja fram staðfest endurrit af sjúkraskýrslu stefnanda í Landspítalanum.

Stefnandi kom sjálfur fyrir dóminn hinn 8. ágúst 1959 og tjáði það ósk sína, að framangreind skýrsla yrði lögð fram í málinu.

Af þessu tilefni var yfirlæknir Landspítalans kvaddur fyrir dóminn. Yfirlæknirinn lýsti því, að hann synjaði að leggja fram sjúkraskýrslu stefnanda. Byggði hann þá synjun sína á því, að í sjúkraskýrslu væru skráð ýmis atriði, er vörðuðu einkamálefni sjúklings. Taldi hann það brot á þagnarskyldu sinni sem læknis að skýra frá því, sem hann hafi í starfi sínu komizt að um málefni sjúklunga, og að gera opinberar þær upplýsingar.

Í lok þinghalds þess, er yfirlæknirinn kom fyrir dóm, óskaði lögmaður stefnanda þess, að frestað yrði að sinni að úrskurða um skyldu hans til að leggja umrætt gagn fram. En með bréfi, dags. 17. nóvember s.l., ítrekaði lögmaðurinn þá beiðni sína og krafðist þess, að yfirlæknirinn yrði með úrskurði skyldaður til að leggja gagn þetta fram að viðlögðum þeim viðurlögum, er 148. gr. einkamálagaga nr. 85/1936 ákveður. Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Eigi verður fallizt á rök yfirlæknisins fyrir synjun hans á framlagningu sjúkraskýrslu stefnanda, þar sem stefnandi sjálfur hefur óskað eftir því, að skýrslan verði fram lögð. Og þar sem telja verður, að sjúkraskýrslan kunni að hafa þýðingu fyrir málið, ber að taka til greina kröfu lögmanns stefnanda. Verður yfirlækninum

því gert að leggja fram staðfest endurrit af skýrslu þessari í málið innan 15 daga frá því, að honum er birtur úrskurður þessi, að viðlögðum dagsektum til lögmanns stefnanda, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Yfirlækni Landspítalans, dr. med. Snorra Hallgrímssyni prófessor, er skylt að leggja fram í dóm staðfest endurrit af framangreindri sjúkraskýrslu stefnanda, Þorláks Jónssonar, innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum til Vagns Jónssonar héraðsdómslögmanns.

Úrskurði þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 47/1959. Byggingarfélagið M. Oddsson h/f
 gegn
 tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Byggingarfélagið M. Oddsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.